

Nr. 19-006 S 005 Hrafn GK 111***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1401
Útgerð: Þorbjörn hf.
Smíðaður: Noregur 1974, stál
Stærð: 446 brl. 601 bt.
Mesta lengd: 52,82 m *Skráð lengd:* 48,46 m
Breidd: 8,2 m *Dýpt:* 6,45 m
Vél: Wichmann 727 kW, 1974
Fjöldi skipverja: 14



Hrafn©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 21. janúar 2019 var Hrafn GK 111 á línuveiðum á Eldeyjarboða. Veður: SV 13 – 18 m/s. 4 – 6 m ölduhæð og þungur sjór.

Skipverji var að fara upp úr fiskilest á lausum álstiga sem hékk á brík við lestaropið. Hreyfing kom á stigann og skipverjinn klemmdi vísifingur vinstri handar illa milli stigans og lúgukarmsins.

Við rannsókn kom fram:

- að fremsta kjúkan á fingrinum brotnaði og nöglin rifnaði af;
- að ekki var hægt að hafa fastan stiga þar sem hann þurfti að fjarlægja þegar lestin fylltist af afla;
- að engin athugasemdir hafa verið gerðar við þetta fyrirkomulag hjá flokkunarfélagi við skoðun;
- að breytingar voru gerðar á stiganum eftir slysið og soðið aftan á hann álkubbur þannig að stiginn geti ekki lagst upp að lúgukarminum.



Séð niður lúguopið með lausa siganum

Nefndarálit:

Orsök slyssins var sú að stiginn niður í fiskilestina var ófullnægjandi og ekki samkvæmt reglum.

Gerð hefur verið „Tillaga í öryggisátt“ í máli nr. 18-191 S 132 varðandi eftirlit skoðunastofa með stigum.